

Ed.

142. Frumvarp til laga

[73. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Til 1. febrúar 1959 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1958, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Greinargerð.

Þar sem augljóst er, að ekki verður hægt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1959 fyrir næstu áramót, ber nauðsyn til að veita ríkisstjórninni heimild þá, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.